

Danslistin í umsátursástandi:

Vinna og aðferðir Nicholasar Rowe á hernömdum svæðum Palestínu

Elísabet Birta Sveinsdóttir

Listaháskóli Íslands
Leiklistar- og dansdeild
Samtímadans

Danslistin í umsátursástandi:

Vinna og aðferðir Nicholasar Rowe á hernömdum svæðum Palestínu

Elísabet Birta Sveinsdóttir
Leiðbeinandi: Ásgerður Gunnarsdóttir
Vorönn 2013


Útdráttur

Í þessari ritgerð mun ég fjalla um danslistina á hernömdum svæðum Palestínu. Ég mun skoða efnið út frá sögu Palestínu og Ísraelsdeilunnar og hugsjónarstarfi ástralska dansarans Nicholasar Rowe. En hann hefur frá árinu 1998 stýrt og skipulagt námskeið sem ætlað er að bæta líf palestínskra flóttamanna. Hann skrifaði einnig handbók um hugmyndir og aðferðir til að leiða slíkt námskeið. Ég mun gera grein fyrir hugmyndum hans um það hvernig hann notar danslistina í umsáturástandi og hvernig hjálpa megi stríðshrjáðum börnum að tjá sig í gegnum dans, tónlist og leiklist. Árið 1948 var sjálfsstæðisstríð Ísraels og hundruðir þúsunda Palestínskra íbúa voru flæmd á brott. Ísraelsríki var stofnað með hervaldi. Meirihluti Palestínnumanna, yfir átta milljónir manns, lifa sem flóttamenn í dag. Listir hafa kannski ekki augljósan tilgang í samfélagi þar sem stríðsástand ríkir. Hlutverk listamannsins virðist tilgangslaust og jafnvel óviðeigandi. Í þessari ritgerð mun ég fjalla um aðferðir Nicholasar Rowe og kanna hvort að danslistin og listir yfir höfuð hafi raunveruleg áhrif á líf flóttamanna í Palestínu. Ég mun fjalla nánar um sögu Palestínu í deilum við Ísrael áður en ég sný mér að hugsjónastarfi Nicholasar Rowe í því stríðshrjáða ástandi sem ríkir á hernömdum svæðum Palestínu. En ég tel það nauðsynlegt að hafa undirstöðuþekkingu á sögu og samskiptum þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs til þess að setja sig inn í og skilja það starf sem Rowe hefur unnið á þessu svæði. Sjónum verður svo beint að því hvernig Rowe kom með dansinn sinn til þessa árpúsundagamla menningarsvæðis sem á sína áhrifamiklu sögu. Síðast en ekki síst mun ég svo fjalla um dansinn og heilunarmátt hans í tengslum við aðferðir Rowes.

Efnisyfirlit

Teikning eftir Naji Al Ali.....	4
1. Inngangur.....	5
2. Saga Palestínu- Ísraelsdeilunnar.....	7
2.1 Súez-stríðið og „Svarti september”.....	10
2.2 Stofnum PLO og „Sex daga stríðið”.....	12
2.3 Intifada Uppreisnin.....	14
3. Nicholas Rowe.....	17
3.1 Dansnámskeiðið í Al Bireh.....	18
3.2 Dans í pólitísku samhengi.....	19
3.3 Hvernig var ástandið?.....	21
4. Rowe tekur til sinna ráða.....	22
4.1 Aðferð Rows – c-in fjögur (eða s-in fjögur).....	23
4.2 Hvað er sérstakt við aðferð Rows?.....	24
4.3 Ýmis ljón í vegi.....	26
4.4 Vangaveltur um aðferð Rows.....	27
5. Lokaorð.....	29
6. Heimildaskrá.....	30

لا تكتم الصوت



Mynd eftir Palestínska teiknarann og baráttumanninn Naji Al Ali

1. Inngangur

Í áratugi hafa palestínskir flóttamenn lifað við ömurleg lífsskilyrði, eins og útlagar síns heimalands. Meira en 400 palestínsk þorp voru eyðilögð árið 1948 og hundruð þúsunda íbúa flæmd á brott. Ísraelsríki var stofnað og þar með voru tekin 78% af landsvæði Palestínu. Frá árinu 1967 hefur Ísrael stjórnað með hervaldi hinum 22% landsins. Meirihluti Palestínumanna, yfir átta milljónir manns, lifa sem flóttamenn í dag.¹

Listir hafa kannski ekki augljósan tilgang í samfélagi þar sem stríðsástand ríkir; þar sem fólk lifir við stanslausan ótta og dauði og missir eru hluti af venjulegu lífi fólks. Hlutverk listamannsins virðist tilgangslaust og jafnvel óviðeigandi. Listin birtist þá frekar í mynd mótmæla þar sem hún er notuð til þess að ögra eða varpa ljósi á samfélagsmein. En slík mótmæli ganga ekki til lengdar. Frá því í september árið 2000 hefur ástand Palestínumanna versnað til muna. Við aðstæður sem þessar er eðlilegt að menn spyrji: Hvað geta listamenn gert til að lina þjáningar manna í stríðshrjáðum aðstæðum, ekki síst barna og ungmenna.

Áður en ég fór að fást við þetta ritgerðarefni hafði ég oft velt því fyrir mér hvernig ég gæti notað listgrein mína, dansinn í félagslegum tilgangi, þ.e. tengt dansinn við lífið í eigin heimalandi eða jafnvel í fjarlægum löndum. Mig langaði til þess að sjá meiri tilgang með danslistinni en að taka þátt í dansatriðum á sviði eða semja dans fyrir tiltölulega þröngan hóp „betri borgara“. Mig langaði satt að segja að kanna möguleika á að vera í „heimi án landamæra“ þ.e. í heimi þar sem að landamæri aðskilja ekki fólk hvert frá öðru og þar sem dansinn gæti orðið lifandi þáttur í að bæta umhverfi mannanna.

Í þessum vangaveltum mínum rakst ég á upplýsingar um mann sem fangaði strax hug minn: ástralska dansarann Nicholas Rowe sem unnið hefur mikið hugsjónastarf meðal Palestínumanna undanfarin ár. Allt frá árinu 1998 hefur hann stýrt og skipulagt námskeið sem ætlað er að bæta líf palestínskra flóttamanna. Hann skrifaði handbók um hugmyndir og aðferðir til að leiða slíkt námskeið. Ég mun gera grein fyrir hugmyndum hans um það hvernig hjálpa megi stríðshrjáðum börnum að tjá sig í gegnum dans, tónlist og leiklist. Einnig hvernig hann notar danslistina í umsáturástandi t.d. með því að leiða dansnámskeið í flóttamannabúðum.

¹ Úlfhildur Ólafsdóttir, *Ríki innan ríkis; Líf palestínskra flóttamanna í Líbanon*. bls. 5

Skemmst er frá því að segja að þessar hugmyndir hafa sannfært mig um að ég eigi sjálf erindi á skyldum vettvangi, en Rowe hefur einmitt bent á að verk hans megi yfirfæra og nýta alls staðar þar sem aðstæður banna eðlilegt og friðsælt listuppeldi í skjóli góðs húsnæðis, úrvalskennara og fullkomins tæknibúnaðar.⁴ Í ritgerðinni mun ég fjalla nánar um sögu Palestínu í deilum við Ísrael áður en ég sný mér að hugsjónastarfi Nicholasar Rowe í því stríðshrjáða ástandi sem ríkir á hernömdum svæðum Palestínu. Ég taldi þetta nauðsynlegt því að án undirstöðuþekkingar á sögu og samskiptum þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs er útilokað að setja sig inn í og skilja það starf sem Rowe hefur unnið á þessu svæði síðustu 15 árin. Sjónum verður svo beint að því hvernig Rowe kom með dansinn sinn til þessa árþúsundagamla menningarsvæðis sem á sína ótrúlegu og áhrifamiklu sögu. Síðast en ekki síst mun ég svo fjalla um dansinn og heilunarmátt hans í tengslum við aðferðir Rowe. Ég vona að við gerð þessarar ritgerðar mun ég komast að því hvort starf og aðferðir Rowe hafa raunveruleg áhrif á líf flóttamanna í Palestínu; hvort að danslistin geti mögulega linað þjáningar fólks, barna og ungmena í umsátursástandi.

Ég hef aflað mér vitneskju um efnið á ýmsan hátt, einkum með því að nálgast bækur og greinar sem því tengjast; ég hef einnig kynnt mér heimildarmyndir auk þess sem ég hef rætt við fólk sem þekkir vel til aðstæðna á hernumdu svæðunum. Þó ég vitni ekki beint í það fólk, þá hefur það veitt mér mikilvæga innsýn í líf Palestínumanna. Til að hefja ritgerðina mun ég gera náíð grein fyrir sögu deilunnar milli Palestínu og Ísraels.

⁴ Rowe, N. (2003), *Art, During Siege; Performing arts workshops in traumatized communities* bls. 8

2. Saga Palestínu-Ísraelsdeilunnar

Allt frá þeim tíma þegar Biblían var skrifuð hefur hugtakið Palestína (*Palestine*, *Philistine*) verið notað yfir svæðið við sunnanverðan Miðjarðarhafsbotn. Landsvæðið hét áfram Palestína á miðöldum og allt fram um miðja 20. öld. En þá var því breytt í Ísrael.

Þetta svæði á sér langa og litríka sögu þar sem margar þjóðir hafa átt sér samastað. Síðastliðin sex þúsund ár hafa Kanaanítar, gyðingar, Assýringar, Persar, Rómverjar, Býzanítar, íslamskir arabar, evrópskir krossfarar, egypskir „Mumlukar“, Tyrkir, Bretar og Síonistar skilið eftir sig spor á þessum slóðum. Allt það fólk, sem hefur farið þarna um, með mismunandi húð- og augnliti, háargerðir og andlitsfall, fólk frá ólíkum menningarheimum með ólík trúarbrögð, hefur á einhverju augnabliki í fortíðinni haft náttstað í Palestínu. Vegna fjölmargra stórvíðburða sem hafa átt sér stað í tíð júdaisma, kristni og íslam, kemur það varla á óvart að palestínsk saga hefur verið margskoðuð og margsögð í bókmenntum, söngvum, dansi, myndlist, kvikmyndum og einnig munnlega frá kynslóð til kynsóðar af fólki um víða veröld.⁵

Palestína var ásamt öðrum löndum Araba fyrir botni Miðjarðarhafs undir stjórn Tyrkjaveldis allt frá 17. öld. Arabar gerðu sér vonir um sjálfstæði eftir fyrri heimsstyrjöldina er þeir tóku höndum saman við Breta gegn heimsveldi Tyrkja, og tókst að binda enda á yfirráð þeirra. Breski liðsforinginn T.E. Lawrence eða *Lawrence of Arabia* (1888–1935) átti stóran þátt í að tengja Breta við forvígismenn arabískra hirðingja um Arabíuskagann og norður til Sýrlands. Eftir að stríðinu lauk varð Palestína eitt þeirra landa sem hlaut frelsi undan Tyrkjum, án þess þó að verða sjálfstætt ríki. Palestína varð verndarsvæði breska heimsveldisins árið 1922, þegar flest nágrannalöndin, undir forystu uppreisnarleiðtoga úr stríðinu, fengu einhvers konar sjálfstæði.⁶

Þrátt fyrir fortíð þar sem gyðingar og arabar lifðu í sátt hefur nú ríkt stríðsástand milli þessa þjóðflokka allt frá því um aldamótin 1900. Saga Palestínu- og Ísraelsdeilunnar byrjar með síonistum (þjóðernissinnuðum gyðingum). Eftir stofnun

⁵Rowe, N. (2010), *Raising Dust; A cultural History og Dance in Palestine* bls. 15.

⁶Viðar Þorsteinsson (2002). *Saga Palestínu og Ísraels*

síonistahreyfingarinnar um lok 19. aldar jókst innflutningur gyðinga til Palestínu, ásamt með umfangsmiklum jarðakaupum þeirra og auknum áhrifum í samfélaginu.

Síonistahreyfingin hafði verið stofnuð með því markmiði að finna gyðingum „þjóðarheimili“, í anda evrópskrar þjóðernishyggju sem lagði mikið upp úr þjóðríkinu sem stjórnarfarslega sjálfstæðri einingu. Um leið var síonistahreyfingin svar Gyðinga við ofsóknum sem tekið höfðu að láta á sér kræla með ýmsum hætti á ný í Evrópu, eftir að Gyðingar höfðu unað tiltölulega vel við sitt um nokkurt skeið. Leiðtogar hreyfingarinnar höfðu átt í samningaviðræðum við Breta um að þeim yrði veittur stuðningur við stofnun ríkis Gyðinga. Ákvörðun Breta um þennan stuðning var ekki í samræmi við loforð sem þeir höfðu þegar gefið leiðtogum Araba, þegar Arabíu-Lawrence átti sem mest saman við þá að selda. Syces-Picot samkomulagið var annað dæmi um tvískinnung nýlenduveldanna í samskiptum sínum við Araba, samkomulag sem Frakkar og Bretar gerðu sín á milli um skiptingu Mið-Austurlanda í áhrifasvæði hvors ríkisins um sig. Allt þetta stuðlaði að óánægju og uppþotum Araba í Palestínu undir forystu leiðtoga þeirra í Jerúsalem, Hajj Amin al-Hussaini.⁷

Átökin milli málsaðailanna þriggja, Araba, Gyðinga og Breta, leiddu smátt og smátt til aukins ofbeldis sem á fjórða áratug 20. aldar nálgadist borgarastyrjöld í Palestínu. Bretar réðu tæpast lengur við ástandið, enda höfðu þeir misst traust bæði Gyðinga og araba eftir ábyrgðarlaus loforð á báða bóga.

Seinni heimsstyrjöldin (1939-1945) hafði tvær afdrifaríkar afleiðingar fyrir Palestínu. Annars vegar að vegna ofsókna nasista jókst innflutningur gyðinga til Palestínu upp úr öllu valdi og hins vegar að heimurinn gerði sér grein fyrir því að dagar breska heimsveldisins væru taldir. Árið 1947 afsöluðu Bretar sér formlega allri ábyrgð á Palestínu og í kjölfar þess samþykktu Sameinuðu þjóðirnar að skipta skyldi landinu í tvennt; Palestínu og Ísrael, en Jerúsalem yrði undir alþjóðlegri stjórn. Gyðingar fögnuðu samþykktinni, en al-Hussaini og Palestínumenn, ásamt leiðtogum Egyptalands, Jórdaníu og Sýrlands, höfnuðu henni algjörlega og lýstu yfir stríði á hendur Ísrael þegar stofnun hins nýja ríkis var formlega tilkynnt árið 1948. Ósigur Arabaríkjanna í stríðinu var

⁷ Viðar Þorsteinsson (2002). *Saga Palestínu og Ísraels*

dapurlegur og afdrifaríkur, þar sem ekki tókst að stöðva stofnun Ísraels, og ríki araba í Palestínu varð að engu, en þeir sjálfir urðu að lokum verst úti. Þetta stríð orsakaði fyrstu bylgju palestínskra flóttamanna, bænda og þorpsbúa sem þurftu að flýja undan Ísraelsher og sjálfskipuðum vígasveitum ísraelskra landnema. Palestínumenn flyktust á Gaza-svæðið (sem endaði undir stjórn Egyptalands) og á svæðið sem kennt er við vesturbakka Jórdanár sem Abdullah Jórdaníukonungur innlimaði í ríki sitt.⁸

Í hugum margra Gyðinga var sjálfstæðisstríð þeirra við Arabaríkin eins konar endurtekning á goðsögunni um Davíð og Golíat, þar sem litla Ísrael lék hlutverk Davíðs gagnvart hinum stóra og sterka Golíat, en Davíð tekst með nánast yfirnáttúrlegum hætti að verja saklausar hendur sínar. Á seinustu árum hafa sagnfræðingar dregið þessa mynd alvarlega í efa, og bent á að hugur hafi ekki fylgt máli hjá leiðtogum araba, og þeir hafi í rauninni unað nokkuð sáttir með sinn skerf að stríðinu loknu; bæði Jórdönnum og Egyptum tókst þrátt fyrir allt að auka nokkuð við landsvæði ríkja sinna. Gyðingar hafi verið miklu skipulagðari og ákveðnari, enda raunverulegir hagsmunir í húfi fyrir þá. Palestínumenn sjálfir hafi ekki verið búnir undir stríð og hafi verið upp á náð Egypta og Jórdana komnir þegar hversveitir gyðinga tóku að flæma þá á brott.⁹

Löngu fyrir hernám Ísraels í Palestínu, 1948. voru uppi umræður meðal sionista um brotthvarf Palestínumanna, þ.e. fyrir seinni heimsstyrjöldina og áður en helförin átti sér stað.¹⁰ Ísraelski sagnfræðingurinn Ilan Pappé kemur fram í heimildarmyndinni *The Zionist Story* og segir þar að það skipti ekki máli hvort til hafi verið áætlun um að úthýsa Palestínumönnum heldur segir hann að það sem skipti máli sé sionismi, þjóðernissinnuð hugmyndafræði sem hefur verið haldið á lofti meðal Ísraelsmanna. Hver sá sem aðhyllist stefnuna verði að gera allt sem í hans valdi stendur til að viðhalda þjóðernissinnaðri hugmyndafræði sionismans. Til þess að uppfylla draum sionismans verði að útrýma frumbyggjum Palestínu.

⁸ Sama heimild.

⁹ Joselewicz, B. (2009). *The Zionist Story*

¹⁰ Sama heimild.

Þjóðernishreinsun átti sér stað í Palestínu árið 1948 þegar Ísrelsríki var stofnað með hervaldi og Ísrael tók enga ábyrgð á palestínsku flóttamönnunum á meðan straumur Gyðinga flutti til Ísrael frá löndum víðsvegar um heiminn.¹¹ Nú eru liðin 65 ár en ekkert hernám einnar þjóðar á annarri í samtímasögunni hefur staðið eins lengi. Samt bendir ekkert til að leiðtogar Ísraels láti sér detta í hug af alvöru að skila herteknu landi, hvað þá að hleypa fimm milljónum flóttamanna aftur heim.¹²

Palestínskir flóttamenn úr þessum átökum voru fyrstu fórnarlömbin í þeim hildarleik sem saga Mið-Austurlanda átti eftir að verða, eftir tiltölulega blómlegt skeið undir stjórn Tyrkja og Breta. Atburðirnir, sem markast annars vegar af fyrri heimsstyrjöldinni og hins vegar af sjálfstæðisstríði Ísraels lifa ennþá í hugum Palestínumanna og ganga undir nafninu „hörmungarnar“ (al-Naqba). En þessir atburðir eru fyrsti kaflinn í hörmungasögu átaka Palestínumanna og Ísraels. Þetta er flókin deila og það er margt sem hefur átt þátt í að móta þetta hörmulega stríð. Sem dæmi má nefna dugleysi Arabaleiðtoga í að taka málin í sínar hendur, þrátt fyrir yfirlýsingar um harða afstöðu gegn Ísrael og samstöðu með Palestínumönnum. Einnig má nefna tilviljanakennda og oft illa ígrunduð afskipti erlendra stórvelda af málefnum svæðisins, þar sem skammtíma- og eiginhagsmunir þeirra hafa ráðið ferðinni.¹³

2.1 Súez-stríðið og „Sex daga stríðið“

Árið 1954 varð upphafið að mikilli bylgju þjóðernisvakningar og samstöðu meðal Arabaþjóða. Margir Arabar litu á Nasser sem tákn arabísku stolts og baráttu gegn heimsvaldastefnu gömlu nýlenduvelðanna. Palestínumenn bundu miklar vonir við Nasser en hann lýsti yfir ótvíræðum stuðningi við málstað þeirra og leit ísraelska ríkisstjórnin á

¹¹ Pappe I. (2012) *The Forgotten Palestinians*.

¹² Sama heimild.

¹³ Sveinn Rúnar Hauksson (2011), *Árið sem ógeðið byrjaði*

hann sem sinn stærsta óvin. Nasser lagði baráttu Palestínnumanna lið með ýmsum hætti, m.a. með því að styrkja vopnaðar árásir þeirra yfir landamæri Egyptalands og inn í Ísrael.¹⁴

Árið 1956 lét Nasser þjóðnýta Súez-skurðinn, eina mikilvægustu samgönguæð heims á þessum tíma, með þeim afleiðingum að Bretar, Frakkar og Ísraelar lögðu til atlögu gegn Egyptalandi. Úr þessu varð Súez-stríðið. Palestínnumenn voru ekki beinir þátttakendur í Súez-stríðinu en það kom ekki síst niður á þeim þar sem gæsla við vopnahlésínuna frá 1948 milli Ísraels og Jórdaníu var hert mjög og fjölmargir Palestínnumenn og Jórdanir, sem gerðust sekir um að sækja yfir landamærin á heimslóðir sínar, urðu illa úti í árekstrum við ísraelska hermenn.¹⁵

Á sjötta áratugnum og fram á þann sjöunda tók Ísrael mjög að festa sig í sessi sem öflugasta herveldi svæðisins. Ísraelskir diplómatar þeystust um allan heim í leit að stuðningi og nutu góðs af andrúmslofti kalda stríðsins, þar sem þeir voru gerðir að fulltrúum vestursins, en Nasser leitaði til Sovétríkjanna og austurblokkarinnar. Aukin spenna og taugatitringur urðu loks til þess að Ísraelar hófu í júní 1967 flugskeytaárásir og innrás fótgönguliðs yfir landamæri Egyptalands, í þeim tilgangi að þvinga Egypta til að slaka á ýmsum takmörkunum sem þeir höfðu sett Ísraelum um siglingar í Rauða hafinu og um Súez-skurðinn. Stríðið vatt upp á sig, Jórdanir og Sýrlendingar drógust inn í það og á endanum varð stórsigur Ísraels slíkur að her þeirra lagði undir sig allan Sínaí-skagann, vesturbakka Jórdanár, Gaza-svæðið og Gólan-hæðir í Sýrlandi, landsvæði sem samanlagt var stærra en Ísrael í upphafi stríðsins. Þetta stríð, sem nefnt var Sex daga stríðið, var réttlætt af ísraelskum stjórnvöldum sem sjálfsvarnarstríð, enda hafi Nasser ætlað að ráðast á þá. Ekkert bendir til að slík árás hafi verið í bígerð hjá Egyptum, enda má ætla að þeir hafi gert sér grein fyrir þeim hernaðarlegu yfirburðum sem Ísrael hafði og leiddu til hins mikla sigurs.¹⁶ Nú hafði Ísraelum tekist að leggja undir sig nokkurn veginn alla hina fornu Palestínu. Þetta leiddi til annarrar bylgju palestínskra flóttamanna, sem og gríðarlegra vonbrigða í Arabaheiminum vegna slælegrar hernaðarlegrar frammistöðu

¹⁴ Tessler, M. (1994). *A History of the Israeli-Palestinian Conflict* bls.

¹⁵ Viðar Þorsteinsson (2002). *Saga Palestínu og Ísraels*

¹⁶ Tessler, M. (1994). bls. 399

stríðsaðilanna. Þessi vonbrigði leiddu til þess að PLO (*Palestine Liberation Organisation*) var stofnað að frumkvæði Nassers Egyptalandsforseta árið 1964.

2.2 Stofnun PLO og „Svarti september“

PLO, stofnunin, var upphaflega einungis skrifstofa undir stjórn Egyptalands, en árið 1968 tók Yasser Arafat, sem þá var formaður einnar stærstu hreyfingar Palestínumanna, Fatah, yfir formannshlutverk PLO. Fram að því hafði Fatah stundað árásir á Ísrael frá landamærum Egyptalands og staðið að útgáfu á prentefni með því markmiði að sameina Palestínumenn í baráttunni fyrir endurheimt heimalands síns. Arafat breytti PLO úr því að vera strengjabrúða Nassers í samtök þar sem Palestínumenn réðu sjálfir ríkjum. Undir samtökin heyrðu margvíslegar hreyfingar aðrar en Fatah, þ.á m. PFLP (*Popular Front for the Liberation of Palestine*), undir forystu Georges Habash, og fleiri hópar sem margir hverjir voru mun herskárri en Arafat og fylgismenn hans. Samtökin fluttu bækistöðvar sínar til Jórdaníu. Ýmsir hópar innan PLO, sem þá hafði höfuðstöðvar sínar í Jórdaníu, höfðu sig mikið í frammi með gíslatökum og flugránum. Í september 1970 átti sér stað flugrán á flugvellinum í Amman og í kjölfar þess gerði Abdullah konungur Jórdaníu PLO útlægt úr landi sínu, enda samtökin nánast orðin eins og „ríki í ríkinu“ í landi þar sem meira en þriðjungur íbúanna kom frá Palestínu. Konungurinn kaus að flæma forystu samtakanna burt með hervaldi. Úr varð borgarastríð í Jórdaníu, sem Palestínumenn kenna við „Svarta september“ og minnst enn með biturð. Fluttist forysta PLO þá til Líbanon, þar sem margir Palestínskir flóttamenn höfðust við í búðum í suðurhluta landsins.¹⁷

Í lok sjöunda áratugarins horfðust Palestínumenn í augu við þá staðreynd að allt land þeirra var nú hernumið af Ísrael, og gamlar byggðir þeirra verið teknar yfir af ísraelskum landnemunum. Byggðir Gyðinga risu bæði á Vesturbakkanum og Gazasvæðinu á meðan Palestínumen hórðust í flóttamannabúðum Sameinuðu þjóðanna eða í útlegð í nágrannalöndunum.¹⁸

¹⁷ Tessler, M. (1994) bls. 429

¹⁸ Viðar Þorsteinsson (2002). *Saga Palestínu og Ísraels*

PLO tók að festa sig í sessi eftir sex daga stríðið sem málsvári palestínsku þjóðarinnar, og árið 1974 var Arafat heimilað að koma fram opinberlega sem talsmaður Palestínumanna á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, sem fól í sér formlega viðurkenningu. Síðan þá hefur vegur samtakanna farið vaxandi og líta nú flestöll ríki heimsins á þau sem lögmætan málsvara þjóðarinnar, eins konar útlagastjórn.¹⁹

En annað borgarastríð var í uppsiglingu. Nærvera PLO í Líbanon, eftir brottreksturinn frá Jórdaníu, var ekki vel séð af öllum þar í landi, enda Líbanir klofnir í marga ólíka hópa sem mynduðu með sér viðkvæmt valdajafnvægi. Milli Palestínumanna í Líbanon og Maróníta, kristinna íbúa landsins, ríkti mikil úlfúð, ekki síst vegna þeirrar vinsemdar sem ríkti milli Ísraels og Maróníta. Ísraelar höfðu áætlanir um að styðja valdarán Maróníta sem vinna myndi gegn PLO, og tryggja þeim traustan bandamann í norðri. Með þessu blönduðust bæði Palestínumenn og Ísraelar inn í flókin innanríkismál Líbanons, sem snerust um valdabaráttu milli Maróníta, annara kristinna hópa, súnní-múslima, shía-múslima og Sýrlendinga, sem áttu hagsmuna að gæta í landinu og litu á það sem verndarsvæði sitt. Líbanon var púðurtunna sem sprakk árið 1975. Við tók linnulaust borgarastríð, með skriðdrekaínnrás af hálfu Ísraels árið 1982, og stóð það allt fram á seinasta áratug 20. aldar, þegar sýrlensk leppstjórn tók við völdum í landinu. Í innrás Ísraels árið 1982 neyddust PLO-menn til að færa höfuðstöðvar sínar, enn og aftur, að þessu sinni til Túnis. Borgarastríðið í Líbanon fæddi af sér skæruliðahreyfinguna Hizbollah, sem skipuð er Líbönum sem aðhyllast shía-trú. Þeir halda enn áfram vopnaðri baráttu og afrekuðu í maí 2000 að neyða Ísraela til yfirgefa endanlega öll líbönsk landsvæði frá því í innrásinni 1982. Borgarastríðið í Líbanon skildi eftir enn fleiri ör á sálu palestínsku þjóðarinnar, með hörmungaratburðum á borð við fjöldamorðin í Sabra og Shatila flóttamannabúðunum, sem hersveitir kristinna Líbana framkvæmdu með vitund ísraelska hershöfðingjans Ariels Sharon, síðar forsætisráðherra Ísraels²⁰

Á meðan á þessu stóð tóku samskipti Ísraels og Egyptalands að batna til muna og Árið 1974 tók Anwar Sadat, arftaki Nassers, upp vinsamleg samskipti við Bandaríkin og

¹⁹ Sama heimild.

²⁰ Sama heimild.

leiddi það á endanum til Camp David samkomulagsins árið 1978, þar sem Egyptar viðurkenndu „tilverurétt“ Ísraels en fengu í staðinn Sínaí- skagann aftur og gátu opnað Súez-skurðinn. Þetta var mikilvægur sigur fyrir Ísrael, sem hafði nú komið fótunum undir sig hernaðarlega, efnahagslega og pólitískt. Fjárstuðningur Bandaríkjanna við landið var geipilegur og eini hernaðarlegi jafnoki Ísraels á svæðinu.²¹

Eftir að málefni Palestínnumanna höfðu lengi staðið í skugganum af hinum margvíslegu átökum PLO á erlendri grund og málarekstri Ísraels við aðra nágranna, var svo komið árið 1987 að íbúar á hernumdu svæðunum, Gaza og Vesturbakkanum, hófu sína eigin uppreisn. Uppreisnin fékk nafnið *Intifada*, og fólst hún aðallega í kasti grjóts og mólotov-kokkteila að ísraelskum hermönnum, fjöldamótmælum og verkföllum.

2.3 Intifada uppreisnin

Intifada uppreisnin var ekki skipulögð af einni hreyfingu og var afar smávægileg ógn við kjarnorkuveldið Ísrael, en engu að síður kusu Ísraelar að bregðast við á harkalegan hátt. Hermenn skutu byssukúlum að unglingum og eldflaugum á hús óbreyttra borgara. Fjölmargir mótmælendur, sem og saklausir borgarar, létust í þessum átökum sem stóðu allt fram á miðjan tíunda áratuginn. Jákvæða afleiðingin af þessum átökum var þó sú að athygli heimsins tók að beinast að palestínsku fólki, frekar en palestínskum skæruliðum og stjórnámálamönnum, og má segja að samúð heimsins hafi að hluta til snúist á sveif með íbúum herteknu svæðanna.²² Framganga Ísraelshers þótti ofsafengin, gegn svo til vopnlausu fólki. Forsætisráðherra Ísraels um þetta leyti var Ytchak Shamir, úr hinu hægrisinnaða Likud-bandalagi, en hann átti sér myrka fortíð sem leiðtogi hryðjuverkasamtakanna Stern í stríðinu 1948 og var óvæginn í garð Palestínnumanna.²³

²¹ Sama heimild.

²² Rowe, N. (2010), *Raising Dust* bls. 132

²³ Viðar Þorsteinsson (2002). *Saga Palestínu og Ísraels*

Árið 1991 settust Yasser Arafat og Yitchak Rabín forsætisráðherra Ísraels að samningaborðinu eftir linnulaus átök á hernumdu svæðunum. Arafat, sem hafði ekki átt neinn þátt í uppreisninni, þar sem hann hafði allan tímann aðsetur í Túnis, nýtti sér vel þetta pólitíska tækifæri og festi sig í kjölfarið í sessi sem málsvari íbúa Vesturbakkans og Gaza. Eftir undirskrift Óslóarsamninganna árið 1993, sem gerði ráð fyrir því að Ísraelar myndu yfirgefa viss svæði Vesturbakkans og að Palestínumenn fengupað sjálfstjórn með ákveðnum takmörkunum. Margir Palestínumenn voru óánægðir vegna þess að þeir töldu að samningurinn væri ekki nógu vænlegur grundvöllur að sjálfsstæðu ríki. Margir Ísraelar voru einnig ósáttir, þá sérstaklega strangtrúaðir Gyðingar.²⁴ Forysta PLO fluttist á Gaza-svæðið og tók yfir stjórnsýslu í nokkrum bæjum á Vesturbakkanum. Yitchaks Rabín biðu hins vegar þau örlög að verða fyrir kúlu Ísraelsmanns úr röðum ofsatrúarmanna skömmu eftir undirritun samninganna. Í kosningunum sem á eftir fylgdu tókst Shimon Peres, eftirmanni Rabíns, ekki að sannfæra kjósendur um ágæti friðarstefnu sinnar, og sigurvegari kosninganna var Benyamin Netanyahu, leiðtogi hins hægrisinnaða Likud-bandalags. Hann hóf tafarlaust að grafa undan þeim árangri sem hafði náðst í undangengum viðræðum og skapaði vantraust hjá Palestínumönnum með því að stuðla að auknum straumi landnema inn á Vesturbakkann og herða sífellt þær kröfur sem gerðar voru til sjálfstjórnar Palestínumanna um taumhald á hryðjuverkamönnum úr röðum Hamas og Jihad, samtaka sem áttu rætur sínar í Intifada-uppreisninni.

Það var ekki fyrr en eftir kosningarnar árið 2000 að upp úr sauð. Þegar Ariel Sharon, formaður Likud-bandalagsins, heimsótti í fylgd herliðs hina heilögu Al-Aqsa mosku á musterishæðinni í Jerúsalem kom til átaka milli Palestínumanna og herliðsins. Ekki var þó heimsókn Sharons eina ástæðan, heldur vonbrigði Palestínumanna með Óslóarsamningana og hvernig þau góðu fyrirheit sem þeir gáfu voru rofin í valdatíð Netanyahus. En þetta var seinni Intifada uppreisnin. Lífsaðstæður á Gaza og Vesturbakkanum bötnuðu ekki þrátt fyrir aukin völd Arafats, og þrautir palestínsk almennings í raun hinar sömu. Heimastjórn PLO hefur ekki fært Palestínumönnum neinar raunverulegar umbætur, enda hefur enn ekki verið samið um flest af þeim

²⁴ Sama heimild.

grundvallaratriðum sem Óslóarsamningarnir áttu að leiða til að rætt yrði um. Ísraelski herinn vakir enn yfir hernumdu svæðunum og stjórnar öllum samgönguæðum, vatnsmannvirkjum, og það sem mestu skiptir, mestum meirihluta landsvæðisins. Nokkur hundruð þúsund ísraelskir landnema búa á tvöfalt stærra svæði en rúmar tvær milljónir Palestínumanna. Ísraelska hernum er hiklaust beitt gegn saklausum borgurum til að refsa fyrir hryðjuverk Hamas og grjótkast barna sem voru hvorki á ábyrgð þjóðfélagsins í heild né heimastjórnarninnar. Hert ítök Ísraelshers á hernumdu svæðunum voru réttlætt sem viðbrögð við seinni Intifada-uppreisn Palestínumanna, en ljóst er að þau þjóna einkum því langtímamarkmiði að gera allt daglegt líf Palestínumanna svo óbærilegt undir hernáminu að þeir láti hrekjast á brott. Bygging aðskilnaðarmúrsins á Vesturbakkanum er skýrasta dæmið um þetta.²⁵

Ástandið hefur lítið batnað á allra síðustu árum. Eftir fall Arafats hefur ýmislegt gengið á og enn verður ekki séð fyrir enda stríðsátaka fyrir botni Miðjarðarhafs.²⁶

Til upprifjunar hefur ríkt yfir umsátursástand á svæðinu fyrir botni Miðjarðarhafsins í 65 ár og fólk hefur lifað við hörmuleg lífsskilyrði og afleiðingar atburðanna; hernámsins og sjálfsstæðisstríðs Ísraels, 1948, Súez-stríðsins, 1956, Sex daga stríðsins, 1967, Svarta septembers, 1970 og Intifada uppreisninnar árin 1987 og 2000.

Það er mikilvægt að þekkja sögu deilunnar milli gyðinga og múslima á þessu svæði til þess að gera sér grein fyrir ástandinu og alvarleika stríðsins og til þess að setja danslistina og listræna vinnu yfir höfuð í samhengi við ástandið. En hugmyndir Nicholasar Rowe sýna fram á að dans og pólitík eru óaðskiljanlegar greinar. Það er ekki hægt aðskilja dansinn frá þeim stað sem hann er skapaður eða sundra hann frá því ástandi sem hann fæðist í.

²⁵ Sama heimild.

²⁶ Pappe I. (2012) *The Forgotten Palestinians*

3. Nicholas Rowe

Nicholas Rowe hefur unnið mikið hugsjónastarf meðal Palestínnumanna undanfarin ár. Allt frá árinu 1998 hefur hann stýrt og skipulagt námskeið sem ætlað er að bæta líf palestínskra flóttamanna. En hann skrifaði handbók um hugmyndir og aðferðir til að leiða slíkt námskeið.

Nicholas Rowe er útskrifaður úr *The Australian Ballet School* og er með doktorsgráðu frá *London Contemporary Dance School* og *University of Kent* í Canterbury. Hann hefur samið og dansað með *The Finnish National Ballet*, *Australian Ballet*, *Sydney Dance Company*, *Royal New Zealand Ballet*, *Nomad Dance Theatre*, *Modern Dance Turkey* og *Ramallah Dance Theatre*. Jafnframt hefur Rowe skrifað og gefið út fjölda greina og bækurnar *Raising Dust: a cultural history of dance in Palestine* (2010) og handbókina fyrir námskeiðin í flóttamannabúðunum, *Art, during siege* (2003). Rowe leikstýrði einnig kvikmyndinni *The Secret World* (2009). Hann hefur tvívegis fengið viðurkenningu frá *University of Auckland*, annarsvegar *Teaching Excellence Award* árið 2011 og hinsvegar *Research Excellence Award* árið 2012.²⁷

Í áströlskum fréttapætti sem birtur var árið 2011 á *SBS On Demand*, var fjallað um Nicholas Rowe, þar sem hann hefur skipulagt dansnámskeið í flóttamannabúðum í Beirut í Líbonon. Þar búa kynslóðir palestínskra flóttamanna sem flæmdir voru frá heimalandi sínu árið 1948. Í þættinum er fylgst með Rowe leiða fólk í dansi um þröngar götur búðanna þar sem lekur vatn eftir götunum og rafmagnsnúrur hanga milli húsveggja í stórum flækjum. Ástand svæðisins er ekki beint ákjósanlegt dansrými. En Rowe segir að dansinn í rýminu snúist um að horfa öðrum augum á umhverfið, opna fyrir skilningarvitin og búa til nýja þýðingu fyrir staðinn.²⁸

Í þættinum er einnig fylgst með tíma þar sem Rowe, ásamt samstarfsfólki sínu, stýrir námskeiði fyrir hreyfihömluð og fötluð börn í flóttamannabúðunum. Sagt er frá því að hann hafi haft þetta að starfi í meira en 11 ár. Hann trúir á dans sem leið til þess að hjálpa

²⁷ The University of Auckland (2011)

²⁸ SBS On Demand. (2011) *Dancing for Hope*.

fólki, sem lifir í átökum og afleiðingum stríðs, að tjá sig og takast um leið á við þau vandamál sem áföll og stríð hafa í för með sér.²⁹

3.1 Rowe í Palestínu og Dansnámskeiðið í Al Bireh.

Nicholas Rowe fór til Vesturbakkans árið 1998 til þess að skrifa gagnrýni fyrir ísraelska utanríkisráðuneytið um hina árlegu samtímadanshátíð *Curtain Up-Zionist Movement* í Tel Aviv. En fáeinum mánuðum áður hafði Rowe komist í kynni við tengiliði á Vesturbakkanum, og til þess að gera meira úr ferðinni skipulagði í framhaldinu dansnámskeið í Ramallah. Þetta var í fyrsta skipti sem hann kom til hernumins svæðis Palestínu og hafði því að sjálfsögðu ekki hugmynd um að hann ætti eftir að búa þar og vinna næsta áratuginn.³⁰ Í upphafi bókarinnar *Raising Dust* lýsir Rowe upplifun sinni þegar hann fór fyrst um ísraelska hernaðareftirlitsstöð. Hann reyndi að komast framhjá Ísraelskum hermönnum sem neituðu að hleypa honum í gegn, eftir að hann var ítrekað búinn að gera þeim grein fyrir að hann væri ástralskur dansari með fullgilt vegabréf á leiðinni á fund hjá Miðstöð alþýðulistar í Al-Bireh. Það endaði með því að hann hljóp í gengn um tárágasský ísraelska hermanna og fljúgandi grjót sem ungir Palestínumenn köstuðu til baka á vel varða búninga hermannanna. Rowe komst áfram og upp í strætisvagn þar sem hann fann fyrir yfirpyrmandi sársaukanum af völdum tárágassins. Þegar strætisvagninn tók af stað út úr gasskýinu í átt til Ramallah tók gömul kona lauk upp úr töskunni sinni. Hún tók laukinn í sundur og deildi honum með fólkinu í vagninum. Hver fyrir sig tók við bita af lauknum, lyktaði og andaði að sér eins og þetta væri partur af trúarathöfn. Rowe var steinhissa á þessari hegðun. Ungur maður rétti honum svo laukbita og sagði honum að maður gréti ef maður lyktaði af lauk; þá hreinsuðu tárin burt gasið úr augunum og nefinu og manni færi að líða betur. Rowe lyktaði af lauknum og leið betur.³¹ Rowe komst á leiðarenda til að kenna dansnámskeið í eina viku í Al Bireh, Ramallah.

²⁹ Sama heimild.

³⁰ Rowe, N. (2010) *Raising Dust* bls. 5

³¹ Rowe, N. (2010) *Raising Dust* bls. 3-4

Rowe kenndi dansnámskeið í eina viku í Al Bireh, Ramallah. Reynsla hans við að annast dansnámskeiðið var honum stórmerkileg. Námskeiðið var reyndar ósköp venjulegt dansnámskeið eins og Rowe var vanur að sinna. Ekkert ólíkt þeim námskeiðum sem hann hafði haldið annars staðar í heiminum; ungir menn og konur mættu á hverjum degi í þrjá klukkutíma á dag, í eina viku. Rowe kenndi tæknitíma í byrjun dags og gerðar voru tilraunir með hugmyndir að hreyfingum og danssmíðum. Saman samdi hópurinn dansatriði sem sýnt var fjölskyldum og vinum í lok vikunnar. Það merkilega við ferlið var ekki það sem átti sér stað á námskeiðinu sjálfu heldur það ástand sem réð ríkjum rétt fyrir utan dansstúdíóið. Fyrir Rowe virtist hugmyndin um dansástundun í hernámi og stríðsástandi, furðuleg.³² En undarlegra fannst honum þó sú staðreynd að engar vísbendingar um sögur af þessu ástandi mátti finna í verkunum sem flutt voru aðeins í klukkutíma fjarlægð á samtímdanshátíðinni í Tel-Aviv. Rowe hafði orð á undrun sinni yfir þessu í gagnrýninni sem hann kom fyrst og fremst til Vesturbakkans til þess að skrifa.

Eftir að greinin birtist var Rowe ekki beðinn um að skrifa gagnrýni aftur. Starfsmenn ráðuneytisins voru óánægðir með að Rowe skyldi minnast á ástandið og þar af leiðandi pólitík í gagnrýninni. Í símtali frá sendiráði Ísraels í London fékk hann skömm í hattinn, en það var einmitt sendiráðið sem hafði fengið hann til að taka að sér að skrifa um þennan dans.³³ Reynsla Rowes af neikvæðu viðbrögðunum sem hann fékk við umfjöllun um dans í pólistísku samhengi Palestínu fékk hann til þess að skoða frekar tengsls danslistarinnar og pólitíkur og vinna áfram með það.

3.2 Dans í pólitísku samhengi

Rowe kom forvitinn til Vesturbakkans, en það var ástin sem varð til þess að hann settist þar að. Á meðal nemendanna á fyrsta dansnámskeiðinu í Ramallah var ung kona,

³² Rowe, N. (2010) *Raising Dust* bls. 5

³³ Rowe, N. (2010) *Raising Dust* bls. 5-6

Maysoun, sem Rowe varð ástfanginn af og eina leiðin til að vinna hjarta hennar virtist vera að setjast að í Ramallah. Nokkrum árum seinna giftust þau. Rowe bjó í Ramallah á árunum 2000 til 2008 og vann við að þróa dansnámskeiðin fyrir börn á Vesturbakkanum og á Gaza-ströndinni. Sú vinna leiddi til þess að árið 2003 var honum boðið á *Child International Conference* í Brasilíu til þess að halda ræðu um hindrandir sem börn á Vesturbakkanum og Gaza-ströndinni verða fyrir þegar þau reyna að taka þátt í einhverskonar dansstarfssemi. Þegar Rowe var hálfnaður með ræðu sína og fjallaði um hverskonar áhrif nýlendustofnun og hernám hefði á börnin og listrænar ákvarðanir þeirra, hrópaði Ísraelsmaður upp að þetta væri ráðstefna um dans og börn en ekki vettvangur fyrir pólitík. Því má segja að sagan frá 1998 hafi endurtekið sig þegar Rowe fékk neikvæð viðbrögð fyrir að minnast á pólitík í sambandi við dansinn. En Rowe var löngu búinn að taka stefnuna í lífinu sem fólst einmitt í því að vinna með dansinn og pólitíkina saman sem óaðskiljanlegar greinar.³⁴

Það sem fyrst vekur athygli þegar aðferðir Nicolas Rowe við að að efla listsköpun í stríðshrjáðu ástandi eru skoðaðar, eru hinar sérstöku aðstæður sem ríkja á þeim landsvæðum þar sem hann miðar við í starfi sínu, þ.e. meðal palestínskra barna í stríðshrjáðu landi. Þau skilyrði sem fólkið þar býr við eru svo órafjarri því sem Vesturlandabúar eiga að venjast. Það er ekki bara fátæktin og allsleysið; ekki bara erlent hervald sem öllu stjórnar, heldur hreint ofbeldi og blóðsúthellingar sem fólkið þarf að búa við. Skothvellir og morð eru daglegt brauð og brunarústir blasa við hvert sem litið er. Fjöldi manns lifir í flóttamannabúðum, og þó að skólar séu reknir, þá er öll aðstaða í lágmarki, bæði á skólatíma og eftir. En auðvitað ríkir slæmt ástand – umsáturs- og hernaðarástand víða annars staðar í heiminum og Rowe gerir sér fulla grein fyrir því, enda segir hann í bók sinni, sem á íslensku mætti kalla *List á tíma umsáturs* (2003), að það sem hann kennir í þeirri bók gæti átt erindi alls staðar þar sem erfiðleikar ríkja.

³⁴ Rowe, N. (2010) *Raising Dust* bls. 6

3.4 Hvernig var ástandið?

Árið 2000 var Palestínumönnum óvenjufitt eftir að ísraelska hernámið framkallaði á ný hið palestínska *Intifada*. Í septembermánuði einum það ár fórust hlutfallslega fleiri Palestínumenn (þar af fjöldi barna) en Bandaríkjamenn í öllu Víetnamstríðinu.³⁵ Og ástandið átti eftir að versna. Rowe spurði sjálfan sig hvað listamenn gætu gert í því líku ástandi til að lina þjáningar fólks og veita því einhverja tiltrú á lífið. Miðstöð alþýðulistar hafði fram að þessum tíma getað sinnt viðhaldi og varðveislu þjóðlegrar palestínskrar tónlistar og þjóðlegri danshefð. En með auknum hernaðaraðgerðum Ísraelsmanna varð snöggur endir á öllu slíku starfi. Og það var erfitt að byrja upp á nýtt. Fólkið sem hafði misst bæði eigur og ástvini spurði í örvætingu: „Fólkið okkar er drepð á götum úti; hvernig getur þú hugsað um dans?“³⁶

En Rowe gerði sér grein fyrir að það var ekki hægt að sitja aðgerðalaus þar sem ástandið var þannig að annaðhvort stunduðu menn mótmæli á götum úti og hættu þannig lífi og limum – eða þeir lokuðu sig inni með hendur í skauti og fylgdust með óhugnaðinum í sjónvarpi.³⁷ Börnin urðu þóverst úti og þeim var ekki lengur boðið upp á neitt tómstundagaman eftir skólann. Í hverju samfélagi urðu þau vitni að því að barn yrði fórnarlamb árása ísraelskra hermanna og einnig hafa þau horf upp á dauða fjölskyldumeðlima. Foreldrarnir komust ekki til vinnu vegna vegartálma og hindrana. Neyðin varð æ meiri og menn sáu fram á nýja neyð hjá nýrri kynslóð Palestínumann. Rowe sá enn frekar að eitthvað þyrfti að gera og þess vegna þróaði hann aðferðir sínar til þess að vinna með stríðshrjáðum börnunum.³⁸

³⁵ Rowe, N. (2003) *Art, During Siege; Performing arts workshops in traumatized communities* bls. 4

³⁶ Rowe, N. (2003) *Art, During Siege*. bls. 4-7

³⁷ Sama heimild.

³⁸ Sama heimild.

4. Aðferðir Rowes

Það er við þessar aðstæður sem Rowe þurfti að þróa aðferðir sínar. Það var engan veginn um að ræða neitt sem mætti kalla einkatíma, t.d. í myndlist, tónlist eða dansi. Til þess skorti að sjálfsögðu bæði peninga, aðstöðu og kennara. Rowe byrjaði á að bjóða upp á það sem hann kallaði *Bara fyrir börn* daga í Miðstöð alþýðulistar á Vesturbakkanum. Hundruð barna komu saman og gátu gleymt sér og losað um spennu á námskeiðum t.d. með dans-og leiklistaræfingum sem Rowe þróaði til að auðvelda stríðshrjáðum börnum að tjá sig.

Rowe fann fyrir miklum stuðningi heimamanna sem buðu fram vinnu sína í sjálfböðastarfi. Aðeins tíu mánuðum eftir seinni Intifada uppreisnina höfðu meira en tólf þúsund börn fengið að kynnast námskeiðunum *Bara fyrir börn/börnin okkar*, bæði á Vesturbakkanum og Gazasvæðinu og búið var að þjálfa 250 tólmstundaleiðbeinendur.³⁹

Lykilorð Rowes í áætluninni sem hann kynnir í umræddri bókinni, *List á tímum umsáturs*, eru c-in fjögur: *creativity, communication, co-operation* og *continuity* sem mætti þýða með orðunum *sköpun, samskipti, samstarf og samfeldni*.

Segja má að þessi aðferð Rowes sé byggð á rústum tvenns konar starfsemi sem ætluð var til að minnka þá spennu sem börn í Palestínu höfðu búið við.

Annars vegar var það „list-meðferð“ (*Therapy Art*) sem átti að örva sköpun í framhaldi af geinandi meðferð. Listin átti að nýtast til að tjá vandamál, ótta og viðbrögð á tímum ofbeldisverka. Þannig átti að vera unnið að losa um vanda barnanna. En þetta var kostnaðarsamt og krafðist sérþjálfaðs fólks sem gæti sett sig inn í vanda hvers barns. Rowe gerði sér líka grein fyrir að slíkt væri ekki á færi listamanna. En listamenn gætu beitt öðrum aðferðum til að örva samskiptahæfni. Hin aðferðin, sem kallast „Intifada-list“ átti að stuðla að því að létta þjáningar fólksins með því að vegsama andspyrnuna og fórnarlömb hennar. Þessi sköpunaraðferð var sú sem var langvinsælust á öllum hernumdu svæðunum á þeim tíma þegar Rowe kom fram með *Bara fyrir börn* áætlun sína. Mestöll listræn starfsemi tengdist því að lofsyngja píslarvotta stríðsátakanna, draga fram atvik

³⁹ Rowe, N. (2003) *Art, During Siege*. bls. 5

tengd blóðbaði og andspyrnu og koma þessu á framfæri til áhorfenda og áheyrenda á sem flestum stöðum.⁴⁰

En þetta var ekki það sem gat losað um spennu og létt á angist palestínskra barna. Það segir sig eiginlega sjálft. Sköpunarhæfnin dofnaði, og tjáningin varð æ takmarkaðri og þrengri.⁴¹ Menn voru komnir í öngstræti í listinni sem einmitt hefði þurft að fá að njóta sín í því herfilega ástandi sem þarna ríkti á árunum upp úr 2000. Maður leggur það tæplega á börn að láta þau einbeita sér að ástandi ringulreiðar og örvæntingar. Rowe ákvað því að fara nýja leið.

4.1 Aðferð Rowes – c-in fjögur (eða s-in fjögur)

Bók Rowes lýsir nánar aðferðum hans og á hana má líta sem handbók leiðbeinandans. Markmiðið er að börnin fái að tjá hug og hjarta í verkefnum sem endurspegla ekki bara sorg, heldur líka gleði – í þjóðfélagi ringulreiðar og örvæntingar. Markmiðið var semsagt ekki að segja börnunum hvað þau ættu að tjá með list sinni heldur að skapa umgjörð og aðstæður þar sem þau gætu notið sín í listinni. Þannig mundu þau einnig geta gert sér betur grein fyrir eigin sköpunarmætti og lært hvert af öðru ekki síður en af leiðbeinanda sínum.⁴²

Vissulega er það eðlislæg þörf barna að tjá sig í leik og það má gera dans, söng og myndlist að leikjum. Leikir gera börnum kleift að þrífast í samfélagi sínu og móta því jafnframt sérstöðu meðal samfélaga.⁴³ Lítum á c-in fjögur í þessu ljósi, þ.e. sem nokkurs konar tengilið milli listar og samfélags:

Sköpun. Sköpunin myndar að áliti Rowes grunninn að sjálfsvirðingu hvers manns.⁴⁴ Í vinnuferli hans greina þátttakendur á milli ólíkra forma listsköpunar t.d. takts, rýmis og

⁴⁰ Sama heimild.

⁴¹ Sama heimild

⁴² Rowe, N. (2003) *Art, During Siege*. bls. 6

⁴³ Sama heimild.

⁴⁴ Rowe, N. (2003) *Art, During Siege* bls. 4

hreyfingar í dansæfingum. Með því að leggja sjálf eitthvað af mörkum sanna börnin fyrir sjálfum sér og öðrum að þau séu einhvers virði.

Samskipti. Ef engin viðbrögð verða við hugmynd eða tjáningu (ef með öðrum orðum er talað „fyrir daufum eyrum“) er hætt við vonbrigðum og angri. Listin orkar hér tvívegis, hún getur verið frelsandi ef einhver bregst við, með orðum eða annars konar tjáningu. Þegar einhver sýnir að hann hefur skilið það sem viðkomandi vildi koma á framfæri. Þetta verkar í báðar áttir: sá sem fékk viðbrögð veitir einnig viðbrögð.

Samstarf. Sköpun þarf alls ekki að fela í sér einyrkjabúskap. Þegar menn læra að stefna að sameiginlegri tjáningu með dansi, leikrænni framsögn og myndlist með því að þróa hugmyndir sameiginlega, þá styrkjast þeir í listinni og samskiptum um leið. Þeir öðlast trú á félagsleg samskipti og samstarf og læra þar af leiðandi að treysta. Um leið að börn treysta, á sig og aðra, eiga þau auðveldara með að tjá sig.⁴⁵

Samfeldni. Þar sem námskeiðstíminn er oft stuttur er dýrmætt að geta „tekið með sér heim“ það sem lærst hefur. Þess vegna leggur Rowe áherslu á einfalda leiki sem börnin geta framkallað á ný á skólalóð eða annars staðar þannig að neistinn, sem kviknaði á námskeiðinu og tengdist dansi, tónlist, leiklist og myndlist, geti lifað áfram og dafnað.⁴⁶

4.2 Hvað er sérstakt við aðferð Rowes?

Það sem kannski vekur sérstaka eftirtekt þegar handbók Rowes er skoðuð, er það að hann vill að hver og einn fái að njóta sín og að sá sem hefur lært undirstöðu í einhverri grein þurfi ekkert endilega að standa öðrum frammar. Rowe bendir á að hann vilji einmitt ekki troða einhverri aðferð upp á hópinn, heldur láta hópinn þróa eigin aðferð. Þannig geti hópurinn eða einstakir meðlimir gripið til þess sem þeir hafa kynnst úr eigin samfélagi, en á þann hátt tengjast þeir einmitt eigin hefð. Slíkt sé afar mikilvægt því að annað gæti orskað rof í menningu samfélaga sem búa við ill kjör og umsátusástand. Það vill engin þjóð láta troða upp á sig menningu annarrar þjóðar.⁴⁷

⁴⁵ Rowe, N. (2003) *Art, During Siege* bls. 4

⁴⁶ Sama heimild.

⁴⁷ Rowe, N. (2003) *Art, During Siege* bls. 16

Samkvæmt hugmyndum Rows þarf leiðbeindandinn ekki að vera atvinnumaður í listinni til að geta stjórnað námskeiði. En auðvitað sakar ekki að hann hafi reynslu á listasviðinu, t.d. í þjóðdönsum, þjóðlögum eða skáldskap. Leiðbeinandinn á að mati Rows umfram allt að vera eins og leiðangursstjóri sem fer með þátttakendur inn í frumskóg. Hann bendir á það sem er sérstakt og spennandi og biður menn um að hefja sjálfir litla rannsókn. Í dansinum búa börnin til sín eigin spor, í tónlistinni semja þau eigin melódíu o.s.frv. Og jafnvel leiðbeinandinn verður þátttakandi á einhvern hátt.⁴⁸

Þessi aðferð krefst mjög persónulegrar þátttöku og jafnframt þurfa allir að vera viðbúnir gagnrýni frá félögunum. Þetta er í rauninni meiri sköpun og meira krefjandi starf en að læra einhver tiltekin atriði sem aðrir hafa skapað. Og þetta krefst líka mikillar einbeitingar og þolinmæði af hálfu leiðbeinandans.

Með þessari aðferð. Þar sem sköpunarmáttur og eldmóður ráða för, skapast samfélag dýrmætrar reynslu. Orkan þarf að auðvitað að beinast að tilteknu markmiði en þá er líka eins og hún leysist úr læðingi og úr verður söngur, dans og leikur sem getur svo haldið áfram á nýjum vettvangi.⁴⁹ Rowe bendir á að ekki saki, ef aðstæður leyfa, að leiðbeinendur séu tveir eða jafnvel fleiri því að slíkt geti kallað fram nýja og óvænta krafta.⁵⁰

Rowe hefur þróað þessa aðferð og þessar hugmyndir með tilliti til fólksins og barnanna sem hann hefur unnið með og umhverfinsins. Hann er meðvitaður um hversu krefjandi strafið sé fyrir leiðbeinandann og þess vegna er mikilvægt að hann miðli leiðum og aðferðum eins og þeim sem hann hefur þróað til þess að vinna með nemendunum. Gott er að geta stuðst við aðferðina um s-in fjögur (c-in fjögur) sköpun, samskipti, samstarf og samfeldni. En samt sem áður hvetur hann leiðbeinendur eindregið til þess að fara eftir sínu höfði og vinna náðið með nemendum sínum en þá verður starfið áhrifameira og því meira gefandi. Það er einnig gagnlegt að vera með slíkar aðferðir sér til hliðsjónar

⁴⁸ Rowe, N. (2003) *Art, During Siege* bls. 7

⁴⁹ Rowe, N. (2003) *Art, During Siege* bls. 7

⁵⁰ Sama heimild.

þegar unnið er með börnum í stríðshrjáðu umhverfi til þess að vera undirbúinn því sem mögulega þarf að takast á við þegar hernám og umsátursástand en það getur t.d. verið agaleysi og ókyrrð í börnunum.

4.3 Ýmis ljón í vegi

Eitt af því sem Rowe bendir á er það, að í samfélagi í umsátursástandi eru margar hindranir. Eitt er agaleysi. Það getur tekið tíma fyrir leiðbeinandann að róa börn sem hafa þurft að ganga í gegnum hvers kyns erfiðleika og hafa kannski verið í skólum og á heimilum þar sem agaleysi og jafnvel líkamlegar refsingar hafa viðgengist.

Annað atriði sem Rowe nefnir eru hefðir og venjur, sem t.d. snerta stöðu kvenna. Sumar stúlkur eru aldar upp við að mega ekki dilla líkamanum eða hreyfa fæturna í dansi, allra síst ef karlmenn eru á staðnum. Þá er hægt að fara þá leið að láta þær bara hreyfa hendurnar segir Rowe. Hann bendir einnig á að fjölskyldan sé afar mikilvægur þáttur samfélags Palestínnumanna og því sé nauðsynlegt að gefa henni kost á að fylgjast með því sem fram fer á námskeiðunum. Annars geti skapast spenna sem erfitt getur reynst að sigrast á. Fleira má nefna í þessu sambandi, t.d. það að börnin halda oft að þau verði að tjá sig á pólitískan hátt í listsköpun sinni; þau haldi með öðrum orðum að annað séu svik við samfélagið. Það getur tekið tekið tíma að vinna bug á þessum vanda. Fleira tekur Rowe með í reikninginn, t.d. fatlaða og seinfæra. Hann sýnir fram á hvernig allir geta verið með og fengið að njóta sín, hver á sinn persónulega hátt.⁵¹ En þannig henta aðferðir Rowes öllum í þessum aðstæðum, hann vinnur ekki aðeins með börnunum í flóttamannabúðum heldur einnig, fullorðnum og fötluðum. Hann tekur hindranirnar og erfiðleikana og vinnur með þá og í gegn um þá eins og t.d. að finna lausn á hvernig kona sem fylgir ákveðnum reglum trúar sinnar getur tekið þátt með því að dansa aðeins með höndunum, þannig er fundin lausn með tilliti til trúar hennar og virðingu gangvart henni.

⁵¹ Rowe, N. (2003) *Art, During Siege* bls. 9

4.4 Vangaveltur um aðferð Rowes

Eitt af því sem vekur athygli við lestur handbókar Rowes er einmitt virðing hans fyrir viðfangsefninu og því stríðshrjáða fólki sem hann vill sinna. Hann er utanaðkomandi listamaður sem setur sig inn í vanda heims, sem er honum ókunnugur í fyrstu, með mikilli þolinmæði og skilningi. Það hlýtur að þurfa mikið innsæi til að geta gert það sem hann gerir, þ.e. að virkja þúsundir barna, og þar með þúsundir fjölskyldna, til að þróa aðferð í listuppeldi sem veitir þeim vonir sem eiga erfitt.

Samt er hugmynd Rowes kannski ekki endilega neitt sérlega frumleg. Margt í henni minnir á það sem hefur verið kallað „skóli fyrir alla“. Hugmyndin þar að baki gerir einmitt ráð fyrir því að allir eigi að fá að vera saman í skóla og vinna saman í námi, óháð getu eða þroska.⁵² „Workshop“ er einmitt mikilvægur þáttur í hugmyndinni þar sem allir geti fengið að leggja eitthvað af mörkum, allir eigi að fá að njóta sín á einhvern hátt.

Líka má benda á að „upphitunin“ í námskeiðum Rowes er alþekkt í námskeiðum á listasviðum, t.d. sú hugmynd að allir kynni sig í upphafi námskeiðs. Og því má bæta við að í námskeiðum þar sem leikræn tjáning er kennd eru mikið lagt upp úr samvinnu. Á bls. 98 og 99 er sýnt hvernig hægt er að láta nemendur herma hvern eftir öðrum eða „kópera“ göngulag félaga síns. Þetta er auðvitað alþekkt aðferð í leiklist og dansi. En það sem er alveg sérstakt við aðferð Rowes virðist vera það að hann setur sig inn í vanda fólks af allt öðrum uppruna en hann er sjálfur og beitir eigin danslist til að búa til kerfi þar sem fleiri listgreinar; leiklist, tónlist og myndlist eru látnar vinna saman í þeim tilgangi að létta líf þeirra sem eiga bág. Hann tekur fjölmarga þætti með í reikninginn, t.d. það að hlutirnir megi helst ekki kosta neitt – vegna þess að engir peningar eru til.

En það sem er mest um vert er áherslan sem Nicholas Rowe leggur á sköpunargáfu barnanna sjálfra og mátt listarinnar í þágu sem flestra. Eins og áður var nefnt þá er tilgangur hans ekki sá að yfirfæra sína list yfir á nemendurna heldur að leyfa þeim að skapa sjálfum og tjá sig. Hann notar umhverfið, tekur tillit til ástandsins og markmiðið er að virkja sköpunarkraftinn í börnunum og fólkinu. Þannig hjálpar hann því með því að

⁵² Guðrún Dögg Gunnarsdóttir og Regína Jóhanna Guðlaugsdóttir (2007). *Skóli fyrir alla* bls. 15-16

búa til vettvang til að skapa og stunda list en einnig með aðferðum sínum til þess að láta listina leiða hugann frá vandanum.

Aðferð Rowes að láta listina leiða huga barnsins frá eigin vanda hefur verið notuð meðal sálfræðinga og geðlækna. Í því sambandi mætti minna á austurríska geðlækninn Bruno Bettelheim sem skrifaði bókina *The Uses of Enchantment* (1. útgáfa 1976). Þar greinir hann frá þeirri aðferð sinni að nota þekkt ævintýri sem grundvöll samtals við börn sem eiga við sálrænan vanda að etja.⁵³ Á þann hátt gat hann leitt barnið frá persónulegum vanda þess en rætt í staðinn um vandann sem börnin í ævintýrunum stóðu frammi fyrir. Í ljós kom að oft var vandinn sá sami: Í Öskubuskuævintýrum er Öskubuska t.d. grátt leikin af systur sínum.⁵⁴ Í öðrum ævintýrum er jafnvel faðirinn mikill ógnvaldur. Bettelheim gat þannig nálgast vanda barnanna sem hann var að reyna að lækna. Öll ævintýri enda vel. Þetta gat vakið vonir með börnum sem höfðu glímt við svipuð vandamál og t.d. Öskubuska. Fleiri dæmi má nefna um það að listin orki jákvætt á umhverfið. Grískar goðsagnir greina frá Arion⁵⁵ sem lék listavel á lýru, og enginn söng betur en hann. Sjóráningjar á Miðjarðarhafi ákváðu að fleygja honum fyrir borð og komast þannig yfir þau auðæfi sem honum höfðu áskotnast fyrir sönginn og lýruleikinn. Arion bað um að fá að syngja kveðjusöng áður en honum yrði kastað í sjóinn. Síðan söng hann svo fagran söng og lék svo fallega undir á lýruna að hinir ótíndu þorparar táfelldu, guggnuðu á áformum sínum og ætluðu að gefa þessum listamanni líf. En það var of seint. Arion varpaði sér í fyrir borð jafnskjótt og hann hafði lokið söngnum. Hann bjargaðist reyndar vegna þess að höfrungur sem heyrð hafði tónana synti undir hann og flutti hann rակleitt til heimaborgar hans, Korintu.⁵⁶

Arion bjargaði eigin lífi með list. Nocholas Rowe hefur sennilega bjargað eigin sál með fórnfúsu starfi. En hann hefur einnig létt á áhyggjum þúsunda barna með því að efla þau til listsköpunar svo að þau megi síðar létta öðrum lífið. En þjóðsögur geta verið dæmisögur um raunveruleikann og þær eru svo sannarlega góð leið til þess að ná til barna

⁵³ Bettelheim (1991), bls. 7.

⁵⁴ Bettelheim (1991), bls. 236

⁵⁵ Grant og Hazel (2003), bls. 48-49.

⁵⁶ Sama heimild.

með ýmis skilaboð ekki síst til fullorðna. Alveg eins og dans, leiklist, tónlist og myndlist geta verið leiðir til þess að virkja börn og fólk ekki síður í stríðshrjáðu samfélagi. Starf Rows í Palestínu sannar það að vinna í gegn um listir hvort sem það er dans, bókmenntir eða leiklist, getur hjálpað fólki á áhrifaríkan hátt. Starf og miðlun aðferða hans hefur gefið ótal mörgun öðrum listamönnum hjálpartæki til þess að halda námskeið og vinna með fólki í umsátursástandi í gegn um listir.⁵⁷

5. Lokaorð

Ég hef kynnt mér sögu Palestínu og Ísraelsdeilunnar og hef ágæta hugmynd um þá atburði sem hafa átt sér stað á þessum slóðum síðastliðin 65 ár. Ég get þó aldrei ímyndað mér hvernig er að lifa við slíkt umsátursástand hvað þá sem barn.

Eftir lestur bóka Rows og eftir að hafa hugleitt efni þeirra má segja að vonir vakni um að danslistin geti haft raunveruleg áhrif á líf fólks í stríðshrjáðu umhverfi. Dansinn og listir yfir höfuð eru nauðsynlegar fyrir menn til þess að virkja fólk, einnig þegar ríkir alvarlegt ástand og hörmungar. Það er kannski of mikil bjartsýni að halda að Nicholas Rowe leysi þann mikla vanda sem glímt er við fyrir botni Miðjarðarhafs. En framlag hans er spor í áttina.

Eins og fram kom í upphafi hef ég velt því fyrir mér hvernig ég geti gefið öðrum eitthvað með list minni, hugsað minna um eign frama en meira um tengsl listarinnar við lífið. Í þessum hugleiðingum kynntist ég verkum Nicholasar Rowe. Afrakstur þeirra kynna birtist hér. Hann er gott dæmi um þá fyrirmynd sem listamaður, í þessu tilviki dansari, getur orðið öðrum sem eru að feta sig áfram á vegi listarinnar.

⁵⁷ Rowe, N. (2003) *Art, During Siege* bls. 3

6. Heimildaskrá

- Bettelheim, B. (1991). *The Uses of Enchantment*. Penguin Books.
- Guðrún Dögg Gunnarsdóttir og Regína Jóhanna Guðlaugsdóttir (2007). *Skóli fyrir alla Sýn skólastjóra í Reykjavík á skóla fyrir alla*. Reykjavík: Háskóli Íslands. sótt (17. mars) frá skemman.is: <http://skemman.is/stream/get/1946/690/1914/1/Heildarskjal.pdf>
- Grant, M. og Hazel. J. (2003). *Who's Who in Classical Mythology*. Routledge. London og New York.
- Ilan Pappé on *The Forgotten Palestinians*. sótt (16.mars) frá: <http://www.youtube.com/watch?v=kCQx47kN6tI>
- Joselewicz, B. (2009). *The Zionist Story*. heimildarmynd á netinu (Ronen Berelovich, presents) sótt (13. mars) <http://warincontext.org/the-zionist-story/>
- Kaschl, E.(2003). *Dance and authenticity in Israel and Palestine; Performing the nation*. Holland: Koninklijke Brill NV, Leiden.
- Rowe, N. (2003). *Art, During Siege; Performing arts workshops in traumatized communities*. Palestína: Popular Art Centre.
- Rowe, N. (2010). *Raising Dust; A cultural history of dance in Palestine*. London (New York): I.B.Tauris & Co Ltd.
- SBS On Demand. (2011) *Dancing for Hope*. sótt (13.mars) frá: <http://www.sbs.com.au/ondemand/video/11774531657/>
- Shapiro, J. og Gildberg. B.Z. (2001). *Promises*. producer janet cole: 2001 the promises film project.
- Sveinn Rúnar Hauksson (2011), *Árið sem ógeðid byrjaði*. sótt (16.mars) frá: <http://www.palestina.is/greinar/arid-sem-ogedid-byrjadi/>
- Tessler, M. (1994). *A History of the Israeli-Palestinian Conflict*. Bandaríkin: Indiana University Press.
- The University of Auckland (2011), *Assoc Prof Nicholas Rowe*. Sótt (4.apríl 2013) frá: <http://www.creative.auckland.ac.nz/uoa/dance-studies-academic-staff?target=987>
- Úlfhildur Ólafsdóttir. (2012). *Ríki innan ríkis; Líf palestínskra flóttamanna í Líbanon*. Reykjavík: Háskóli Íslands. sótt (14. mars) frá skemman.is <http://hdl.handle.net/1946/11362>
- Viðar Þorsteinsson (2002). *Saga Palestínu og Ísraels* sótt (15.mars) frá: <http://www.palestina.is/upplýsingar/saga-palestinu-og-israels/>

